**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 288/2022** **2023/EES/35/12**

**frá 28. október 2022**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1161 frá 20. júní 2019 um breytingu á tilskipun 2009/33/EB um að stuðla að notkun á umhverfisvænum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum (1).

2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við lið 21av (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

– **32019 L 1161**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1161 frá 20. júní 2019 (Stjtíð. ESB L 188, 12.7.2019, bls. 116).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi er bætt við töflu 3 í viðaukanum:

„

| | | |
|---|---|---|
| Ísland | 38,5 % | 38,5 % |
| Liechtenstein | 38,5 % | 38,5 % |
| Noregur | 38,5 % | 38,5 % |

“

b) Eftirfarandi er bætt við töflu 4 í viðaukanum:

„

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Ísland | 10 % | 15 % | 45 % | 65 % |
| Liechtenstein | 10 % | 15 % | 45 % | 65 % |
| Noregur | 10 % | 15 % | 45 % | 65 % |

““

*2. gr.*

Texti tilskipunar (ESB) 2019/1161, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

(1) Stjtíð. ESB L 188, 12.7.2019, bls. 116.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. október 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2022 frá 18. mars 2022, eftir því hvor dagsetningin er síðar ([2]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. október 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kristján Andri Stefánsson***

formaður

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

([2]) Stjtíð. ESB L 182, 7.7.2022, bls. 19 og EES-viðbætir nr. 45, 7.7.2022, bls. 8.